

## 8. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 28. febrúar 2017 kl. 11:00-12:10

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

---

### Viðstaddir:

*Stjórnarmenn:* Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra, Jón Gunnarsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Björgólfur Jóhannesson, formaður Samtaka atvinnulífsins, Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Sigrún Blöndal, formaður SSA, Þórir Garðarsson, varaformaður Samtaka ferðaþjónustunnar.

*Aðrir:* Gylfi Ólafsson (FJR), Jón Geir Pétursson (UAR), María Reynisdóttir (ANR), Ólafur Teitur Guðnason (ANR), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Steinar Kaldal (UAR) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

---

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

Ferðamálaráðherra bauð fundarmenn velkomna og greindi frá því að stefnt væri að endurstaðfestingu samkomulags um stofnun SF og því að stjórninni yrðu sendar starfsreglur til kynningar fyrir næsta fund.

Ferðamálaráðherra fór yfir helstu áherslur sem fram kæmu í starfsreglum stjórnar t.d. varðandi það að aðeins verði kallaðir inn varamenn fyrir ráðherra og það væru aðstoðarmenn þeirra. Kæmust þeir ekki væri ekki kallaðir inn varamenn og sama fyrirkomulag væri gagnvart öðrum stjórnarmönnum. Þessi áhersla myndi samhliða fela í sér að ekki verði haldnir stjórnarfundir í SF nema ljóst væri að nær allir stjórnarmenn gætu mætt. Tengiliðahópar eru skipaðir aðstoðarmönnum þeirra ráðherra sem sitja í stjórn SF, framkvæmdastjóra SAF og formanni SÍS. Fundir tengiliða eru viku fyrir stjórnarfund.

Ákveðið að fastur fundartími yrði fyrsti þriðjudagur hvers mánaðar kl. 9:30-11:00, með fyrirvara um ríkisstjórnarfund sem hefði það í för með sér að stjórnarfundur hæfist ekki fyrir en að honum loknum.

## **2. Birting fundargerða.**

Ferðamálaráðherra lagði til að fundargerðir stjórnarfunda SF yrðu birtar á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins eftir samþykkt þeirra. Það var samþykkt.

## **3. Stefna í ferðamálum.**

Ferðamálaráðherra fór yfir sýn sína á málaflökkinn og ítrekaði mikilvægi þess að byrja á byrjuninni, m.a. með því að styrkja skipulag greinarinnar og taka ákvarðanir um aðgangs- og álagsstýringu og gjalddöku. Huga þyrfti að innviðaupbyggingu og því að mismunandi kerfi töluðu saman, s.s. stefna í ferðamálum, samgönguáætlun og landsáætlun um uppbyggingu innviða. Lagt til að unnið yrði áfram með sviðsmyndagreiningu sem unnin var fyrir SF með það að markmiði að fá tölur og gildi inn í myndina. Framkvæmdastjóra SF var falið að leita til aðila til áframhaldandi vinnu við slíkt verkefni. Lög um skipan ferðamála væru í endurskoðun í ráðuneytinu, sem og lög um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða með það að markmiði að breyta hlutverki sjóðsins þannig að framkvæmdir á svæðum í umsjón og eigu ríkisins yrðu framvegis fjármagnaðar af fjárlögum en sjóðurinn styrkti verkefni sveitarfélaga og einstaklinga. Öryggismál og m.a. Safe travel verkefnið væru ofarlega á blaði.

Fundarmenn ræddu þessi atriði sín á milli.

## **4. Forgangsverkefni sumarsins**

Framkvæmdastjóri SF fór yfir tillögur vinnuhópa sem settir voru af stað í ársbyrjun í öryggis- og samgöngumálum um brýnustu forgangsverkefni sem ráðast þyrfti í vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar ferðamanna um 400-600 þúsund á árinu. Heildarkostnaður við verkefnin er í kringum 280 m.kr., m.a. 90 m.kr. vegna bráðabirgðaaðstöðu á þeim stöðum þar sem lengst er á milli salerna. Fundarmenn ræddu tillögurnar og kostnað við þær sín á milli. Ákveðið að vinna áfram með þær og fjármögnun þeirra af hálfu Stjórnstöðvar ferðamála í samvinnu við viðkomandi ráðuneyti og stofnanir þess. Sumar tillögurnar fela í sér óverulegan kostnað og er SF falið að fylgja eftir til framkvæmda slíkum tillögum.

## **5. Önnur mál.**

Framkvæmdastjóri ræddi stöðu DMP verkefnisins. Verkefnið er farið vel af stað, verið er að skipa svæðisráð og ráða verkefnisstjóra. Áætlaður kostnaður SF við verkefnið er 30 til 40 m.kr. og felst í greiðslum fyrir erlenda ráðgjöf og greiðslu til Markaðsstofa landshlutanna vegna vinnuframlags þeirra við framkvæmd verkefnisins. Fyrir liggur að áætlaður kostnaður vegna þeirra verkþátta sem markaðsstofurnar munu sjá um sé á bilinu 2 - 2,4 m.kr. á hverja markaðsstofu og fellur til á næstu 12 mánuðum. Samþykkt að greiða markaðsstofunum fyrrgreinda upphæð vegna vinnuframlags þeirra við DMP verkefnið.

Fleira var ekki gert. Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 4 apríl kl. 9.30.